



Tilraunaverkefni um burðarplastpokalaus sveitarfélag



Menja von Schmalensee^{1,2}, Theódóra Matthíasdóttir^{1,2}, Róbert A. Stefánsson^{1,2}, Rannveig Magnúsdóttir³ og Stefán Gíslason⁴

1. Umhverfshópur Stykkishólms, 2. Náttúrustofa Vesturlands, 3. Landvernd, 4. Umís Environice



Inngangur

Plast umvefur okkur í daglegu lífi og hefur fjölbreytt og stundum mikilvæg hlutverk. Framleiðsla, notkun og förgun þess getur hins vegar haft veruleg, neikvæð umhverfisáhrif og ættum við því að stefna að minni notkun plasts, meiri endurnýtingu þess, flokkun og endurvinnslu.

Einnota burðarplastpokar eru táknrænir fyrir soun og slæma umgengni við náttúruna og eru dæmi um plastnotkun sem auðveldlega má draga verulega úr án þess að skerða lífsgæði.




Markmið

Á árinu 2014 gerði Umhverfshópur Stykkishólms tilraun með það að markmiði að kanna hvort hægt væri að hætta burðarplastpokanotkun í heilu sveitarfélagi án formlegs banns.

Aðferðir

Staðið var fyrir fræðslu- og hvatningaráttaki og lögð mikil áhersla á miðlun upplýsinga til fyrirtækja og almennings. Náði samráð var haft við verslunar- og þjónustuaðila og þeir aðstoðaðir við að finna lausnir sem hentuðu viðkomandi rekstri. Fræðslupistlar og fréttatilkynningar birtust í fjölmiðlum og haldið var úti virkri Fésbókarsíðu (Burðarplastpokalaus Stykkishólmur). Útbúið var sérstakt veggspjald og því dreift um bæinn, auk þess sem verkefnið stóð fyrir myndbandasamkeppni um plast.



1. mynd. Plastpokasala í einu verslun sveitarfélagsins sem ekki hætti notkun burðarplast-poka meðan á verkefninu stóð. Tímabilið sem verkefnið stóð yfir er sýnt með rauðum lit á ferlinum.

Árstíðamunur er áberandi í tölunum og áhrif ferðamanna mikil á sölu. Í kjölfar verkefnisins, veturinn 2014-2015, seldust 46% færri plastpokar en veturinn áður en verkefnið hófst.

Niðurstöður og umræða

Viðbrögð við verkefninu voru afar jákvæð og meðan á því stóð **hættu öll fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu að nota burðarplastpoka, að einu undanskildu**. Plastpokinn var kvaddur að viðstöddu fjölmenni með mikilli hátíð þann 12. september 2014. Þjónustuaðilar sem hættu með burðarplastpoka voru merktir með sérstökum „Burðarplastpokalaus – plastic bag free“ límmiðum og borðstöndum.

Þrátt fyrir að ein verslun (Bónus) hafi ekki viljað hætta alfarið að bjóða upp á burðarplastpoka, dró verulega úr sölu pokanna. Veturinn 2014-2015 seldi sú verslun 46% færri plastpoka en veturinn fyrir átakið (2013-2014; 1. mynd).

Í könnun á burðarplastpokanotkun verslana í Stykkishólmi sem gerð var í október 2015, kom í ljós að sumar verslanir höfðu séð sig knúnar til að taka inn burðarplastpokana aftur, en þó í mun minna mæli en áður en verkefnið hófst.


Ályktanir

- Hægt er að draga verulega úr notkun burðarplastpoka með fræðslu og kynningu. Til að viðhalda þeim árangri þarf fræðsluáttak að vera viðvarandi.
- Til að hætta alfarið notkun burðarplastpoka þyrfti að öllum líkindum að koma til allsherjarbann við notkun.



Svipmyndir frá „plastpokakveðjudeginum“.

Verkefnið var styrkt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.



Verkefnið stóð fyrir myndbandasamkeppni um plast, sem var öllum opin og heppnaðist með ágætum. Afurð hennar eru 9 myndbönd sem nota má til að vekja athygli á þörfinni fyrir að draga úr plastnotkun og sum hver má einnig nota til kennslu.

Öll myndböndin hafa verið gerð opinber og má finna á YouTube. Myndböndin voru frumsýnd og þrjú þeirra verðlaunuð með viðhöfn á sérstöku opnu frumsýningarkvöldi.

